

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/421**  
**komudagur 1.12.2006**

**Nefndasvið Alþingis,**  
**Austurstræti 8-10,**  
**Alþingi,**  
**Reykjavík**

Reykjavík 30. nóv. 2006

Þar sem frumvarp Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um Ríkisútvarpið er endurflutt nánast óbreytt frá því síðast, láta Hollvinasamtök RÚV næga að vísa í fyrri umsögn samtakanna um frumvarpið, sem fer hér á eftir.

Fh. Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins,

  
Margrét Sverrisdóttir formaður

**Umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins  
um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 122/2000,  
um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum.**

Stjórn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins hefur fjallað um frumvarp Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs (132. löggjafarþing 2005–2006 þskj. 8 - 8. mál).

Með þessu frumvarpi er mikilvægi Ríkisútvarpsins virt og einnig að það skuli hafa varanlegan sess sem menningarstofnun og almannaútlarp. Hollvinasamtökin fagna sérstaklega þeim almenna skilningi á sérstöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaðnum sem fram kemur í frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem fela í sér að komið verði á bæði dagskráráði og framkvæmdastjórn. Með því er ætlunin að renna styrkari stoðum undir rekstur Ríkisútvarpsins og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn stofnunarinnar.

Með breyttri stjórnsýslu eins og gerð er tillaga um í frumvarpinu kæmu þar að auki fleiri aðilar að stjórn Ríkisútvarpsins. Markmið með þessari breyttu stjórnsýslu virðist vera að flokkspólitísk stjórn að stofnuninni verði breytt þannig að fulltrúar Alþingis komi að stjórninni en þeir ráði ekki í krafti meirihlutavalds sem endurspeglar ríkisstjórn eins og nú er (sbr. 5. gr.).

Hollvinasamtök RÚV telja breiðari stjórn geta verið til bóta og að slík stjórn gæti eftl sjálfstæði stofnunarinnar. Það er einnig ánægjulegt að í frumvarpinu er hnykkt á þeirri skyldu Ríkisútvarpsins að efla íslenska dagskrárgerð. Meginhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera

metnaðarfull innlend dagskrárgerð og að standa vörð um tunguna og menninguna. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil, það er þjónusta sem íslenska þjóðin vill og á rétt á.

### Um einstakar greinar frumvarpsins:

- 1. gr.** Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins taka eindregið undir þá kröfu sem þarna kemur fram, að stefnt skuli að því að hlutur innlands efnis sé sem mestur og vandað til þess sem verða má.
- 2. gr.** Flutningsmenn frumvarps kjósa að gefa útvarpsráði nafnið „dagskrárráð“. Hollvinasamtökin telja slíka breytingu ekki óæskilega, þar sem hún undirstrikar þann tilgang sem frumvarpið felur í sér, að útvarpsráð ætti að hafa yfirstjórn dagskrár með höndum.
- 3. gr. og 5. gr.** Hollvinasamtökin telja sig ekki geta felld afdráttarlausan úrskurð um ágæti ýmissa hugmynda varðandi skipan yfirstjórnar Ríkisútvarpsins vegna þess að það eru skiptar skoðanir innan samtakanna á því hvað telst hentugast í þeim efnum. Í samþykktum Hollvinasamtakanna er þó lögð sérstök áhersla á að Ríkisútvarpið verði ekki gert að hlutafélagi. Þetta frumvarp stangast ekki á við þá áherslu og er það vel. Mikilvægt er einnig að yfirstjórn Ríkisútvarpsins hafi breiða skírskotun til almennings (eigenda) og starfsmanna stofnunarinnar, án þess að flokkspólítísk áhrif verði allsráðandi. Þær hugmyndir sem settar eru fram í þessu frumvarpi samræmast þeim viðmiðunum í meginatriðum.
- 8. gr.** Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins eiga einnig erfitt með að fella úrskurði um mismunandi hugmyndir varðandi fjárhag Ríkisútvarpsins en ítreka mikilvægi þess að Ríkisútvarpið verði rekið af metnaði sem menningarstofnun í eigu þjóðarinnar. Um afnotagjöld hafa verið skiptar skoðanir innan samtakanna en þó hafa ríkt efasemdir um hvort réttlæt看legt væri að leggja með öllu niður afnotgjöld og auglýsingar sem tekjustofna Ríkisútvarpsins og því er efni þessarar greinar jákvætt að mati samtakanna.

### Stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins:

---

**Margrét Sverrisdóttir, form.**

**Valgeir Sigurðsson, varaform.**

**Ragnheiður Tryggvadóttir**

**Þorgrímur Gestsson**

**Þór Magnússon**

**Viðar Hreinsson**

**Hörður Áskelsson**

